Akraneskaupstaður

**Íbúðalánasjóður**
**b.t. Kristjáns Gestssonar**
**Borgartúni 21**
**105 Reykjavík**

Akranesi, 31. október 2017

*1706042* SH

**Efni:** ***Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs á Akranesi***

Íbúðalánasjóður gerði Akraneskaupstað tilboð um kaup á fasteignum í eigu sjóðsins á Akranesi.

Bæjarráð tók fyrir á 3221 fundi sínum þann 28. september sl. tilboð Íbúðalánasjóðs á íbúð 20102 að Einigrund 8 Akranesi að upphæð 18.5 mkr. Tilboðið felur einnig í sér að ÍLS sem seljandi greiðir þá upphæð sem búið var að samþykkja í hússtjórn kr. 1.600.000 vegna framkvæmda. Bæjarráð samþykkti kauptilboð ÍLS og samhliða samþykkt breyting á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2017. Bæjarstjórn samþykkti á 1261 fundi sínum 10. október sl. tillögu bæjarráðs um hækkun á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2017 vegna íbúðakaupa. Samþykkt fyrir kaupunum á íbúð 20102 að Einigrund 8 Akranesi liggur því fyrir.

Akraneskaupstaður hyggst leggja fram 12% stofnframlag vegna þessara kaupa og mun sækja um stofnframlag til Íbúðalánasjóðs um 18% stofnframlag ríkisins. Viðbótarfjármögnun sem kaupin krefjast er fyrirhugað að mæta með viðbótareiginfjármagni frá sveitarfélaginu. Formleg afgreiðsla bæjarráðs varðandi stofnframlagið er fyrirhuguð á aukafundi ráðsins sem er þriðjudaginn 7. nóvember nk. og fyrirhuguð endanleg afgreiðsla/staðfesting bæjarstjórnar Akraness á fundi hennar þann 14. nóvember nk.

BÆJARSTJÓRINN AKRANESI

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri